

**Dagskrá 95. fundar Félagsstjórnar SLFÍ, haldinn
14. maí, 2018 kl. 10.00 í félagsaðstöðu SLFÍ**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna G Þórðardóttir, Vestfjarðadeild
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Fjarverandi

Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri

Gestur:

Sandra Bryndísardóttir Franks verðandi formaður sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ – ([Fylgiskjöl nettengd á slfi.is](mailto:netting@slfi.is))

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kynning á verðandi formanni
4. Álit lögmanns á sértækri kennitölu fyrir deildar SLFÍ
5. EPN
6. Norðurlandamót í hjúkrun
7. Undirbúningur að 27. fulltrúaþingi SLFÍ
 - a. Framboð til formanns
 - b. Innkomin erindi frá félagsdeildum
 - A. **Kjarasamningar**
 - a. Launaskriðstryggingin
 - b. Erindi á skrifstofu Kjara og mannauðssviðs Starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins
 - c. Samstarfsnefnd sveitarfélaga - Bókanir
 - d. Ríkið
 - e. Vinna við bókun 8 með kjarasamningi
 - f. LSH
 - g. Breytingar á Austfjörðum.
 - h. Erindi baklands BSRB til ráðuneytisins um hvaða stéttir það eru sem þurfa að hafa lægri lífaldur við töku lífeyris.

8. Kjaramál

Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur

Kristín Á. Guðmundsdóttir (KÁG) formaður SLFÍ bauð fundarmenn velkomna og gerði grein fyrir að Guðrún Elín Björnsdóttir formaður Norðurlandsdeildar vestri kæmi ekki á fundinn.

KÁG óskaði eftir leyfi frá félagsstjórn fyrir því að Sandra Bryndísardóttir Franks (SBF) sæti fundinn og var það veitt.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Kynning á verðandi formanni og félagsstjórn

KÁG lagði til að stjórnarmenn kynntu sig og SBF kynnti sig og fór einnig yfir sinn feril og helstu áherslur.

4. Álit lögmanns á sértækri kennitölu fyrir deildar SLFÍ

GÖG gerði grein fyrir að rætt hefði verið við lögfræðing BSRB, lögmann félagsins og starfsmann ríkisskattstjóra varðandi málið. Hjá þeim öllum kom fram að engin þörf væri á slíku, einungis væri nauðsynlegt að hafa bankabók á nafni viðkomandi deildar ákveðin prókúruhafa og bókin væri á kennitölu félagsins. Fram kom að Vesturlandsdeild væri komin með sér kennitölu og þrjár félagsdeildar voru komnar með sér kennitölu.

5. EPN í Færeyjum

Farið var yfir ferðatilhögun varðandi EPN ráðstefnuna í Færeyjum 5. – 8. júní 2018. Samtals eru það átján sem fara í tveimur hópum á ráðstefnuna. Þrír eru í fyrri hópnum sem mun fara 5. júní vegna setu á aðalfundi EPN í seinni hópnum eru fimmtán sem fara út 6. júní heimferð er 8. júní.

KÁG upplýsti að ekki væri enn komin dagskrá fyrir ráðstefnuna, en komin væri beiðni um að ráðstefnugestir klæðist þjóðbúningum sinna landa. Ákveðið var að reyna að sameinast í rútu frá Keflavík í bæinn að lokinni ferð og mun JT leita eftir tilboðum í það.

6. Norðurlandamót í hjúkrun

KÁG fór yfir aðdragandann að Norðurlandamóti í hjúkrun, sem verður haldið í Noregi í maí og einnig samskipti félagsins við skólana vegna undirbúnings mótsins og væntinga félagsins til að fulltrúar skólanna tækju að sér undirbúning, sem hefðu því miður brugðist vegna áhugaleysis þess kennara sem átti að taka að sér verkefnið. Fram kom að SLFÍ sendir tvo keppendur á mótið og eru það sigurvegarar síðasta Íslandsmóts í hjúkrun og hafa þjálfarar þeirra tekið að sér að undirbúa þær og annar þjálfaranna fer með til Noregs. Einnig var ákveðið að félagið sendi fulltrúa félagsins með keppendum þeim til stuðnings og mun Guðrún Lárusdóttir frá fræðslunefnd SLFÍ fara með.

Fram kom hjá formanni Norðurlandsdeildar eystri að mikill áhugi væri á verkefninu fyrir norðan og stöðugar æfingar væru í gangi.

Ákveðið var að veita fræðslunefnd SLFÍ heimild til að finna og veita keppendum viðurkenningu að lokinni keppni fyrir þátttökuna í mótinu.

7. Undirbúningur að 27. fulltrúabingi SLFÍ

KÁG fór yfir helstu liði dagskrár þingsins. Fram kom að reikningar eru farnir út rafrænt til þingfulltrúa, en meiningin er að hafa þingið sem mest pappírslaut. Ákveðið hefur verið að þinginu verði streymt þannig að sem flestir félagsmenn hafi aðgang að málefnum þingsins.

Lagðar voru fram tillögur að starfsmönnum þingsins frá framkvæmdastjórn SLFÍ um að forsetar verði Kristín Ólafsdóttir, varaformaður félagsins og Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ og var það samþykkt. Ritarar verði þær Jakobínu Rut Daníelsdóttir og Birna Ósk Björnsdóttir, starfsmaður SLFÍ og var það samþykkt. Fram kom að ársskýrslan er klár og komin úr prentun.

Tillögur að lagabreytingum liggja fyrir og hafa farið í gegnum laganefnd. Lagt er til að setja Orlofssjóð SLFÍ inn í lög félagsins undir kaflann “Sjóðir félagsins” þar sem sjóðsins er aðeins getið í reglum fyrir sjóðinn en ekki í lögum.

Farið var yfir drög að ályktunum sem nánar verður unnið með á þinginu í vinnuhópum.

JJS og GÖG fóru yfir reikninga félagsins, Félagssjóð, Starfsmenntasjóð, Starfsþróunarsjóð og Orlofsjóð, svöruðu fyrirspurnum og fóru síðan yfir fjárhagsáætlanir.

JT ritari SLFÍ fór yfir og útskýrði hugmyndir Uppstillingarnefndar um tillögur um fulltrúa í starfsnefndir félagsins.

– ([Fylgiskjöl nettengd á slfi.is](#))

8. Kjaramál

Farið var yfir álit lögmannna á afgreiðslu/útfærslu BSRB og fjármálaráðuneytisins á launaskriðstryggingunni. Fyrir liggur að lögmaðurinn sem félagið hefur leitað álits hjá telur að stefna eigi, en verðandi formaður mun hitta lögmann og fá útlistun á ákveðnum atriðum og í framhaldi taka ákvörðun í samráði við framkvæmdastjórn um hvort farið verði með málið fyrir Félagsdóm.

KÁG fór yfir stöðuna varðandi uppfærslu stofnanasamninga hjá HSA, LSH og ýmsum smærri stofnunum. Fram kom að mikil vinna hefur verið á LSH við að uppfæra stofnanasamninginn og ekki er séð fyrir endann á henni. Á HSA hefur farið fram vinna hjá sjúkraliðum og stjórnendum stofnunarinnar við að uppfæra stofnanasamninginn. Við þá vinnu hafa stjórnendur HSA viljað taka út ákveðin réttindi sem löngu eru komin inn í samningin til móts við ákveðnar breytingar. Málið er í vinnslu og skoðun hjá hagfræðingi félagsins.

Önnur mál

- Áslaug Steinunn Kjartansdóttir formaður Vestmannaeyjajadeildar fór yfir að deildarstjórinn þeirra væri stöðugt með vinnuskýrsluna á síðustu stundu og erfitt væri að skipuleggja lífið við þessi skilyrði. Lagt var til að ÁSK setti sig í samband við starfsmannastjóra HSU og legði fram formlega kvörtun. ÁSK fór einnig yfir að verið væri að ráða sjúkraliða inn á stofnunina til 3 mánaða í senn og væri kallað fastráðning.
- Viktoría Magnúsdóttir (VM) formaður Suðurnesjajadeildar fór yfir að enn væru eftir „stubbavaktir“ sem þó væru 6 tímar. Unnið væri að því að ná þeim út. Í þessu sambandi var minnt á þá fjármuni sem tengdir voru við útrýmingu stubbavakta í bókuninni hjá ríkinu.

Fundi slitið: 13:40